

Þannig týnist tíminn

Bjartmar Guðlaugsson

FADIR VOR

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég veit, minn ljúfur lifir  
lausnarinn himnum á,  
hann ræður öllu yfir,  
einn heitir Jesús sá,  
sigrarinn dauðans sanni  
sjálfur á krossi dó  
og mér svo aumum manni  
eilíft líf vist til bjó.

MOLDUN

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson

BLESSUN

EFTIRSPIL

Ferðalok

Lag: Emmerich Kálmán

Prestur: sr. Gunnar Stígur Reynisson  
Organisti: Guðlaug Hestnes  
Söngur: Þórdís Sævarsdóttir  
Umsjón: Örn Arnarson

Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu og býður  
kirkjugestum að þiggja veitingar í Mánagarði að athöfn lokinni.

Svarfist Helli



Þórarinn Guðjón  
Gunnarsson



Fæddur: 5. febrúar 1932

Dáinn: 23. ágúst 2022

Útför frá Hafnarkirkju,  
föstudaginn 2. september 2022

—  
*FORSPIL*  
*Oh Danny Boy*  
*Fred E. Weatherly*

—  
*SIGNING OG BÆN*

Kallið er komið,  
komin er nú stundin,  
vinaskilnaðar viðkvæm stund.  
Vinirnir kveðja  
vininn sinn látna,  
er sefur hér hinn síðsta blund.

Far þú í friði,  
friður Guðs þig blessi,  
hafðu þökk fyrir allt og allt.  
Gekkst þú með Guði,  
Guð þér nú fylgi,  
hans dýrðarhnoss þú hljóta skalt.

Margs er að minnst,  
margt er hér að þakka.  
Guði sé lof fyrir liðna tíð.  
Margs er að minnst,  
margs er að sakna.  
Guð þerri tregatárin stríð.

Grátnir til grafar  
göngum vér nú héðan,  
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.  
Guð oss það gefi,  
gladdir vér megum  
þér síðar fylgja' í friðarskaut.

*Sb. 1886 - Valdimar Briem*

—  
*RITNINGARLESTUR*

Drottinn er minn hirðir,  
mig mun ekkert breyta.  
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.  
Hann hressir sál mína,  
leiðir mig um réttan veg fyrir sakir nafns sins.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,  
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,  
sproti þinn og stafur hugga mig.  
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,  
þú smyrð höfuð mitt með olíu,  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.  
Drottinn er minn hirðir,  
mig mun ekkert breyta.

*23 Davíðssálmur - Margrét Scheeving*

—  
*RITNINGARLESTUR*

Líður að dögum, léttir af þoku,  
ljóðin sín kveða fuglar af snilld.  
Sönginn og daginn, Drottinn, ég þakka,  
dýrlegt er orð þitt, lind sönn og mild.

Verðandi morgunn, vindur og sunna.  
Vanga minn strýkur náðin þín blíð.  
Grasið og fjöllin, Guð minn, ég þakka,  
geislar þín sköpun, nú er mín tíð.

Risinn til lífsins, lausnarinn Jesús,  
leið sinni beinir, hvert sem ég fer.  
Indæl er jörðin, eilíf er vonin,  
allt skal að nýju fæðast í þér.

*Farjeon - Sigríður Guðmarsdóttir*

—  
*GUÐSPJALL*

Undir háu hamrabelti  
höfði drúpir lítil rós.  
Þráir lífsins vængja víddir  
vorsins yl og sólarljós.

Æsku minnar leiðir lágu  
lengi vel um þennan stað,  
krjúpa niður kyssa blómið  
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Ég held ég skynji hug þinn allan  
hjartasláttinn rósinn mín.  
Er kristalstærir daggardropar  
drjúpa milt á blóðin þín.

Finna hjá þér ást og unað  
yndislega rósinn mín.  
Eitt er það sem aldrei gleymist,  
aldrei það er minning þín.

*Fríðrik Jónsson / Guðmundur Halldórsson*

—  
*MINNINGARORÐ*

Blessuð sértu sveitin mín!  
sumar, vetur, ár og daga.  
Engið, fjöllin, áin þín  
– yndislega sveitin mín!  
heilla mig og heim til sín  
huga minn úr fjarlægð draga.  
Blessuð sértu sveitin mín!  
sumar, vetur, ár og daga.

*Sigurður Jónsson frá Arnarvatni / Bjarni Þorsteinsson*

—  
*BÆN*